

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 18. maí 2026

Efni: **Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, mál nr. S-78/2026**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samtök iðnaðarins fagna umræddum reglugerðarbreytingum en benda á að þörf er á því að skýra viðmið betur áður en reglugerðin er staðfest. Í drögunum er lagt til að jarðborar undir 1 MW verði skráningarskyldir í stað þess að gerð sé krafa um starfsleyfi. Samtökin benda á að þörf er á nánari skýringu á því hvernig þetta aflviðmið er reiknað út. Óljóst er hvort einungis sé átt við afl jarðborsins sjálfs eða hvort miðað sé við samanlagt afl jarðbors og tengdra rafstöðva eða annars búnaðar sem fylgir boruninni.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins



Jóhanna Klara Stefánsdóttir

Sviðsstjóri mannvirkjasviðs